

Ár 2010, föstudaginn 4. júní, var í Félagsdómi í málinu nr. 3/2010.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga f.h.
Kristínar Albertsdóttur
gegn
íslenska ríkinu vegna
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R

Mál þetta var dómtekið 1. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Arnfríður Einarsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Kristján Torfason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, f.h. Kristínar Albertsdóttur, kt. 291257-4379, Fossvegi 6, Selfossi.

Stefndi er Íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík, vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Árvegi, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi:

Að ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sem tilkynnt var Kristínu Albertsdóttur, kt. 291257-4379, hjúkrunarfræðingi á heilsugæslustöðinni Laugarási, um að segja upp föstum greiðslum fyrir akstur í starfi, sé andstæð grein 5.4.1 í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 28. febrúar 2005, sbr. samkomulag dags. 9. júlí 2008 um breytingar og framlengingu á kjarasamningi.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst þess hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málavextir

Stefnandi, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, höfðar þetta mál f.h. félagsmanns síns, Kristínar Albertsdóttur, kt. 291257-4379, sem hefur starfað sem hjúkrunarfræðingur hjá stefnda, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, nánar tiltekið á heilsugæslustöðinni Laugarási, sem er rekin af stefnda. Í gildi er ráðningarsamningur milli aðila, dags. 16. maí 2007, en um launagreiðslur og starfskjör Kristínar Albertsdóttur fer samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 28. febrúar 2005, sbr. síðari breytingar. Stefnandi er búsett á Selfossi en sækir vinnu á heilsugæslustöðina Laugarás á Suðurlandi.

Samkvæmt ráðningarsamningi mun vinnuskylda stefnanda hafa miðast við þriggja daga vinnuviku í annarri vikunni en fjögurra daga vinnuviku í hinni vikunni. Kveðst stefnandi hafa fengið greiddar fastar akstursgreiðslur sem svöruðu til 60 ekinna kílómetra fyrir þá daga sem hún var við störf, en það samsvari vegalengdinni frá Selfossi, þar sem stefnandi hefur búið, og að vinnustaðnum í Laugarási og til baka. Til viðbótar við þær föstu greiðslur kveðst stefnandi einnig hafa fengið greitt fyrir akstur vegna einstakra erinda f.h. vinnuveitandans, þ.m.t. fyrir vitjanir. Allan akstur hafi hún fært í akstursbók, sem greitt hafi verið til samræmis við.

Hinn 9. des. 2008 ritaði stefndi stefnanda bréf og tilkynnti henni um uppsögn á þeim föstum greiðslum fyrir akstur sem hún hafði notið fram til þess tíma. Ástæðan var sögð endurskipulagning og hagræðing innan stefnda, með uppsögn launa og annarra greiðslna til starfsmanna. Uppsagnarfrestur var þrír mánuðir og því ráðgert að greiðslur fyrir akstur féllu niður frá 31. mars 2009 að telja. Hinum föstu akstursgreiðslum til stefnanda lauk miðað við það tímamark.

Stefnandi kveðst hafa ritað stefnda bréf, dags. 1. júlí 2009, þar sem uppsögninni hafi verið mótmælt og krafist leiðréttingar, enda hafi stefnandi talið að stefndi hafi greitt fyrir akstur stefnanda til og frá vinnu í samræmi við gr. 5.4.1 í kjarasamningi aðila, en í ákvæðinu segi:

5.4.1 Vinnustaðir fjarri leiðum almenningsvagna

Vinni starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna, skal vinnuveitandi sjá honum fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiða honum ferðakostnað. Slíkar ferðir teljast til vinnutíma að því er nemur flutningstíma frá mörkum næsta aðalíbúðarsvæðis til vinnustaðar.

Þar sem engin svör hafi borist, kveðst stefnandi hafa ítrekað erindi sitt með bréfi, dags. 17. sept. 2009. Svar hafi borist frá stefnda með bréfi, dags. 28. sept. 2009, þar sem kröfum í fyrrgreindu bréfi stefnanda, dags. 1. júlí 2009, hafi verið hafnað.

Í ljósi framanritaðs hafi stefnanda verið nauðsynlegt að höfða mál þetta til þess að fá kröfum sínum framgengt.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi reisir stefnukröfur sínar á því að stefndi hafi með ákvörðun sinni um að segja upp akstursgreiðslum til handa stefnanda brotið gegn ákvæði gr. 5.4.1 í gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra, f.h. ríkisins, sem og brotið í bága við venjubundna og áralanga framkvæmd þess ákvæðis. Um leið hafi stefndi virt að vettugi réttindi stefnanda sem hjúkrunarfræðings. Hafi ekki verið unnt að segja akstursgreiðslunum upp þar sem um kjarasamningsbundin réttindi hafi verið að ræða.

Af hálfu stefnanda sé vísað til þess að fyrirkomulag greiðslna til stefnanda vegna aksturs til og frá vinnu hafi verið í samræmi við gr. 5.4.1 í kjarasamningi aðila.

Þær greiðslur sem stefnandi hafi fengið, og svöruðu til 60 ekinna kílómetra fyrir þá daga sem hún var við störf, hafi verið til samræmis við gr. 5.4.1 í kjarasamningi. Hafi 60 km svarað til vegalengdarinnar frá heimili stefnanda á Selfossi og að vinnustaðnum í Laugarási og til baka. Þá vísi stefnandi til þess að þar sem ekkert sé fjallað sérstaklega um akstursgreiðslur í ráðningarsamningi, sé ljóst að um þær fastákveðnu greiðslur hafi gilt fyrirnefnd gr. 5.4.1, enda sé í ráðningarsamningnum tekið fram að um launagreiðslur og önnur starfskjör fari samkvæmt kjarasamningi.

Þá byggir stefnandi á því að hún hafi gengið út frá því að ákvæði gr. 5.4.1 hafi gilt um hinar föstu akstursgreiðslur sem hún fékk, enda hafi þær föstu greiðslur verið til samræmis við það ákvæði.

Af hálfu stefnanda sé bent á að umrætt kjarasamningsákvæði hafi verið hluti af kjarasamningi um langt árabíl. Óheimilt sé að segja upp starfskjörum sem byggji á ákvæðum kjarasamnings, en slíkt verði einungis gert með nýjum kjarasamningi. Þar sem ekki hafi verið um slíkt að ræða hafi stefndi ekki getað sagt akstursgreiðslum til stefnanda upp með þeim hætti sem stefndi gerði í bréfi til stefnanda, dags. 9. des. 2008, og sé uppsögnin því ólögmæt.

Stefnandi byggir enn fremur á því að skilyrði fyrir greiðslu ferðakostnaðar samkvæmt ákvæði gr. 5.4.1 í kjarasamningi séu uppfyllt í tilviki stefnanda. Stefnandi vinni sem starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna og beri því að fá greiddan ferðakostnað. Almenningsvagnar gangi ekki á milli Selfoss og Laugaráss. Einu gildi í því sambandi þótt einstakar áætlunarferðir kunni að vera á milli staðanna, því þær ferðir séu alltof stopular til að hafa einhverja þýðingu, m.a. séu þær ekki á þeim tímum þegar stefnandi þurfi að komast til og frá vinnu.

Af hálfu stefnanda sé sérstök athygli vakin á því fordæmisgildi sem stefnandi telji að dómur Félagsdóms í máli nr. 5/2009 hafi við úrlausn máls þessa. Sé bent á að

þar hafi verið deilt um sambærileg atvik og kjarasamningsákvæði og í þessu máli. Með dóminum hafi verið viðurkennt að ákvörðun um að hætta keyrslu sjúkraliða búsettum í Reykjanesbæ til og frá vinnustað í Grindavík hafi verið brot gegn gr. 5.4.1 í þeim kjarasamningi, en í umþrættu kjarasamningsákvæði í því máli hafi verið gert ráð fyrir að unnt væri að aka starfsmönnum til og frá vinnustað eða greiða kostnað við slíkar ferðir.

Stefndi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sé undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra, sbr. lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, sbr. einnig reglugerð nr. 785/2007 um heilbrigðisumdæmi, með síðari breytingum. Sé íslenska ríkinu því stefnt vegna heilbrigðisstofnunarinnar.

Auk framangreindra lagatilvísana byggir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á gildandi kjarasamningi aðila, sbr. kjarasamning fyrir tímabilið 1. feb. 2005 til 30. apríl 2008, sbr. samkomulag aðila dags. 9. júlí 2008, þar sem sá samningur var framlengdur til 31. mars 2009 með breytingum. Stefnandi vísar einnig til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar, til dómafordæma Félagsdóms, og til hliðsjónar til dóms Félagsdóms uppkveðnum þann 24. apríl 2009, í máli nr. 5/2009. Þá er vísað til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.m.t. 3. tl. 1. mgr. 26. gr., sbr. einnig IV. kafla, þ.m.t. 44. gr., laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði byggist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og til að tryggja skaðleysi sitt sé honum nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefnandi, sem er búsett á Selfossi, hóf störf á heilsugæslustöðinni í Laugarási 1. maí 2007, sbr. ráðningarsamning hennar dags. 16. maí 2007. Samkvæmt ráðningarsamningnum sé vinnustaður hennar (ráðningarstaður) heilsugæslustöðin í Laugarási. Heilsugæslustöðin í Laugarási sé starfrækt af Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hún hafði því starfað þar í rúmlega 19 mánuði þegar föstum greiðslum hennar fyrir akstur var sagt upp 9. desember 2008.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvörðun stefnda um greiðslur fyrir akstur stefnanda hafi ekki byggst á ákvæði 5.4.1 í gildandi kjarasamningi aðila. Um hafi verið að ræða einstaklingsbundin ráðningarkjör sem samið hafi verið um við stefnanda við upphaf ráðningar hennar í Laugarási.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafi stofnunin af margvíslegum ástæðum, öðrum en kjarasamningslegum, tekið ákvörðun um

viðbótargreiðslur til starfsmanna, m.a. í formi akstursgreiðslna. Til dæmis mun stofnunin hafa þurft að grípa til slíkra greiðslna vegna manneklu í tengslum við ráðningar, í samkeppnislegu tilliti til að jafna kjör starfsmanna gagnvart öðrum vinnuveitendum o.fl. Ákvarðanir um slíkar greiðslur hafi byggst á einstaklingsbundnum forsendum en ekki kjarasamningsbundnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafi nokkur fjöldi starfsmanna stofnunarinnar fengið akstursgreiðslur sem hluta ráðningarbundinna starfskjara en því fari fjarri að fjarlægð búsetu frá vinnustað hafi ráðið mestu um hverjir nutu slíkra greiðslna. Í tengslum við meðferð máls þessa hafi verið leitt í ljós að uppsögn akstursgreiðslna í desembermánuði 2008 náði til 38 starfsmanna en fjöldi starfsmanna stofnunarinnar hafi verið um 330.

Það sé meginregla vinnuréttarins að starfsmenn komi sér sjálfir til og frá vinnu í eigin tíma og á eigin farartækjum. Þeir eigi almennt ekki rétt á launum eða þóknun fyrir það umfram regluleg laun nema sérstaklega sé um það samið. Í kjarasamningum hafi verið samið um frávík frá þessari meginreglu þegar tilteknar aðstæður séu fyrir hendi.

Ákvæði 5.4.1 í kjarasamningi aðila byggir á sambærilegu ákvæði og hafi verið í aðalkjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra, dags. 15. desember 1973, en upphaflegur aðalkjarasamningur BSRB og fjármálaráðherra sé frá 1962. Á þeim tíma hafi Hjúkrunarfélag Íslands átt aðild að BSRB en samkvæmt þágildandi löggjöf hafi samningsrétturinn verið hjá bandalögum en ekki einstökum stéttarfélögum. Í ofangreindum aðalkjarasamningi segi í 5. mgr. 19. gr.: *Vinni starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna, skal ríkið sjá honum fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiða honum ferðakostnað. Slíkar ferðir teljast til vinnutíma, að því er nemur flutningstíma frá mörkum næsta aðalíbúasvæðis til vinnustaðar. Flutningslína í Reykjavík miðast við Elliðaár.* Upphaflega hafi ákvæðið gilt um hjúkrunarfræðinga, um starfsmenn Ríkisspítala (nú Landspítala) sem á þeim tíma störfuðu á höfuðborgarsvæðinu en aðrir starfsmenn heilbrigðisstofnana hafi á þeim tíma ýmist verið starfsmenn sjúkrasamlags eða sjúkrahúss sem rekin voru af sveitarfélögum. Af efni kjarasamningsákvæðisins verði ráðið að gildissvið þess hafi miðast við svæði þar sem almenningsamgöngur voru fyrir hendi, en svo hafi háttað til að einhverjar starfseiningar voru starfræktar utan þess. Frá upphafi hafi túlkun og öll framkvæmd ákvæðisins takmarkast við slíkar aðstæður. Í öðrum tilvikum hafi gilt áður nefnd meginregla íslensks vinnuréttar að starfsmönnum beri að koma sér til starfsstöðvar í eigin tíma og á eigin kostnað. Ráða megi af ákvæðinu að það hafi verið ætlun samningsaðila að sjá starfsmönnum fyrir akstri til og frá vinnu eða greiða ferðakostnað þegar svo stæði á að stofnun væri utan þess svæðis sem almenningsamgöngur á því svæði næðu almennt til.

Þeirri fullyrðingu stefnanda að stefndi hafi brotið í bága við venjubundna og áralanga framkvæmd ákvæðis 5.4.1 sé mótmælt sem ósannaðri.

Á árinu 1986 hafi lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna öðlast gildi og hafi með þeim verið gerðar talsverðar breytingar á samningsrétti stéttarfélaga. Með þeim hafi verið gerð sú breyting að stéttarfélög áttu þá samningsrétt í stað þess að umboð til að gera aðalkjarasamninga hafi verið bundið við bandalög. Á næstu árum hafi einnig átt sér stað umtalsverðar breytingar á rekstri heilbrigðisstofnana sem efnislega hafi falið það í sér að sveitarfélög hættu að starfsrækja heilsugæslu og íslenska ríkið tók þá starfsemi alfarið yfir.

Eftir gildistöku laga nr. 94/1986 hóf íslenska ríkið að gera kjarasamninga við einstök stéttarfélög, þ.á m. við Hjúkrunarfélag Íslands. Kjarasamningurinn muni að stofni til hafa verið byggður á fyrrgreindum aðalkjarasamningi BSRB. Að svo miklu leyti sem ákvæði fyrrgreinds kjarasamnings færðust óbreytt yfir í kjarasamning Hjúkrunarfélags Íslands hafi borið að leggja óbreytta túlkun og framkvæmd einstakra kjarasamningsákvæða til grundvallar. Með því sé átt við að gildissvið ákvæða um vinnustaði fjarri leiðum almenningsvagna skyldi haldast óbreytt, bæði að efni og framkvæmd, þrátt fyrir að ákvæði kjarasamninga næðu eftirleiðis til starfsmanna sem störfuðu á landsbyggðinni þar sem almenningsvagnar ganga ekki.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands sé starfrækt á landsbyggðinni. Þar sé ekki fyrir að fara skipulögðum almenningssamgöngum og taki ákvæðið því ekki til starfsmanna stofnunarinnar. Tilvitnað orðalag og efni ákvæðis greinar 5.4.1 í kjarasamningi hafi allt frá upphafi verið bundið starfssvæði þar sem almenningsvagnar gengu en hafi ekki tekið til annarra starfssvæða. Akstursgreiðslurnar hafi ekki byggst á samkomulagi samkvæmt ákvæði greinar 5.4.3 í kjarasamningi aðila.

Af hálfu stefnda sé á því byggt að akstursgreiðslur stofnunar til starfsmanna hafi ekki byggst á ákvæði greinar 5.4.1. í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Byggist sú afstaða á því að stofnunin sé starfrækt á landsbyggðinni, fjarri leiðum almenningsvagna, og taki tilgreint ákvæði því ekki til starfsmanna stofnunarinnar. Í því sambandi sé áréttað að tilvitnað orðalag og efni ákvæðis greinar 5.4.1. í kjarasamningi hafi allt frá upphafi verið bundið starfssvæði þar sem almenningsvagnar gengu en hafi ekki tekið til annarra starfssvæða. Jafnframt sé áréttað að akstursgreiðslur hafi ekki byggst á samkomulagi samkvæmt ákvæði greinar 5.4.3 í kjarasamningi.

Öllu framangreindu til viðbótar sé bent á að í tilviki stefnanda þessa máls liggi fyrir að viðmið akstursgreiðslna hafi ekki byggst á fjarlægð milli heimilis og starfsstöðvar stefnanda. Þannig sé stefnandi búsettur á Selfossi en starfsstöðin sé að Laugarási í Biskupstungum en þar á milli séu 40 km eða 80 km báðar leiðir. Greiðsla hafi miðast við 60 km fyrir hvern unnin dag og hafi stefnanda einungis verið greiddar

viðbótarakstursgreiðslur í samræmi við vitjanir á leið til og frá vinnu. Séu því ekki tengsl annars vegar milli vegalengdar milli heimilis og vinnustaðar og hins vegar greiðslna.

Í máli þessu liggi enn fremur fyrir að stefnandi hafi ekki notið greiðslna meðan á akstri stóð, þ.e. sá tími hafi ekki talist til vinnutíma eins og kveðið sé á um í tilvitnuðu kjarasamningsákvæði. Sú staðreynd sé mikilvæg þegar metið sé hvort greiðslur hafi byggst á tilvitnuðu ákvæði kjarasamnings. Um þetta hafi stefnandi hvorki gert athugasemdir né haft uppi kröfur um greiðslur. Framangreint sýni með ótvíræðum hætti að greiðsluskylda hafi verið byggð á persónubundnum ráðningarkjörum á milli stefnanda og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands en ekki skyldu samkvæmt kjarasamningi.

Af hálfu stefnda sé enn fremur á það bent að ákvæði greinar 5.4.1. í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hafi í reynd ekki verið framkvæmt í samræmi við þann skilning sem stefnandi byggir á í máli þessu. Stefndi telji að líta beri til langrar og athugasemdalausrar framkvæmdar sem hafi byggst á því að starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja komi sér sjálfir á starfsstöð í eigin tíma og á eigin kostnað og jafnframt að gildissvið ákvæðisins hafi takmarkast við starfssvæði þar sem almenningssamgöngur eru fyrir hendi.

Með vísan til ofangreinds sé ljóst að stefnandi hafi ekki fengið greitt fyrir akstur samkvæmt ofangreindu kjarasamningsákvæði. Þá hafi fyrirkomulag akstursgreiðslnanna, eða tilhögun þeirra, ekki verið í samræmi við greinina. Því hafi stefnandi ekki getað gengið út frá því að greinin gildi um hana. Uppsögn akstursgreiðslnanna hafi því ekki verið andstæð ofangreindri grein 5.4.1.

Stefnandi veki í stefnu athygli á því fordæmisgildi sem hann telur að dómur Félagsdóms í máli nr. 5/2009 hafi við úrlausn málsins.

Því sé mótmælt að ofangreindur dómur hafi fordæmisgildi í málinu. Málsatvik séu ekki sambærileg, en í þessu máli hafi stefndi verið að segja upp föstum einstaklingsbundnum ráðningarkjörum.

Að öðru leyti sé málatilbúnaði, málsástæðum og lagarökum stefnanda mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Til stuðnings kröfu um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Með ráðningarsamningi, dags. 16. maí 2007, var Kristín Albertsdóttir ráðin til starfa hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem hjúkrunarfræðingur á heilsugæslustöðinni Laugarási. Um var að ræða 70% starfshlutfall. Í ráðningarsamningi segir að um launagreiðslur og önnur starfskjör fari eftir því sem í

þeim samningi greinir og samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Fyrir liggur að Kristín fékk fastar akstursgreiðslur sem miðuðust við 60 kílómetra akstur frá heimili hennar á Selfossi að vinnustaðnum í Laugarási og til baka, eins og akstursdagbók sýnir. Um kjör hennar að þessu leyti segir ekkert í ráðningarsamningi, en stefnandi byggir á því að fyrirkomulag greiðslna vegna aksturs sé í samræmi við grein 5.4.1 í kjarasamningi aðila sem hljóðar svo:

Vinni starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna skal stofnunin sjá honum fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiða ferðakostnað. Slíkar ferðir teljast til vinnutíma, að því er nemur flutningstíma frá mörkum næsta aðalíbúðarsvæðis til vinnustaðar.

Stefnandi byggir á því að skilyrði fyrir greiðslu ferðakostnaðar samkvæmt greindu kjarasamningsákvæði séu uppfyllt í tilviki Kristínar. Hún vinni sem starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna og eigi því að fá greiddan ferðakostnað.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvörðun stefnda um greiðslur fyrir akstur stefnanda hafi ekki byggst á ákvæði greinar 5.4.1 í gildandi kjarasamningi aðila. Um hafi verið að ræða einstaklingsbundin ráðningarkjör sem samið hafi verið um við stefnanda við upphaf ráðningar hennar í Laugarási. Þá byggir stefndi á því að tilvitnað orðalag og efni ákvæðis greinar 5.4.1 í kjarasamningi hafi allt frá upphafi verið bundið starfssvæði þar sem almenningsvagnar gangi en hafi ekki tekið til annarra starfssvæða. Heilbrigðisstofnun Suðurlands sé starfrækt á landsbyggðinni. Þar sé ekki fyrir að fara skipulögðum almenningsgöngum og taki ákvæðið því ekki til starfsmanna stofnunarinnar.

Fallist er á að kjarasamningsákvæði þetta geti átt við um stefnanda þar sem vinnustaður hennar er utan þess svæðis sem almenningsgöngur ná almennt til. Sú túlkun ákvæðisins er í samræmi við dóm Félagsdóms í máli nr. 5/2009. Þær akstursgreiðslur sem hér um ræðir áttu sér því stoð í greindu ákvæði kjarasamningsins og er ósannað að um einstaklingsbundin ráðningarkjör hafi verið að ræða enda er þeirra í engu getið í fyrrnefndum ráðningarsamningi. Þá virðast vera þau tengsl annars vegar milli vegalengdar milli heimilis og vinnustaðar og greiðslna fyrir aksturinn hins vegar að starfshlutfall stefnanda var 70%. Breytir hér engu þótt stefnandi hafi ekki fengið greidd laun fyrir ferðatímann. Verður því lagt til grundvallar að um starfskjör stefnanda að þessu leyti fari samkvæmt grein 5.4.1 í kjarasamningi aðila. Sú ákvörðun stefnda að segja upp föstum greiðslum til stefnanda fyrir akstur í starfi, var því andstæð fyrrnefndu kjarasamningsákvæði.

Ber því að fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

D Ó M S O R Ð :

Viðurkennt er að ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sem tilkynnt var Kristínu Albertsdóttur, kt. 291257-4379, hjúkrunarfræðingi á heilsugæslustöðinni Laugarási, um að segja upp föstum greiðslum fyrir akstur í starfi, sé andstæð grein 5.4.1 í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Stefndi, íslenska ríkið vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, greiði stefnanda, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga vegna Kristínar Albertsdóttur 350.000 krónur í málskostnað.

Eggert Óskarsson

Arnfríður Einarsdóttir

Kristjana Jónsdóttir

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Kristján Torfason